

Fundur í fræðslunefnd Húnavatnshrepps fimmdudaginn 16. desember 2010 kl. 20.00 í Húnavallaskóla.

Fundin sátu: Jón Gíslason, Eline Manon Schrijver, Þóra Sverrisdóttir, Þorkell Ingimarsson, Jóhanna Stella Jóhannsdóttir, Fanney Magnúsdóttir, Birgitta H. Halldórsdóttir, Sonja Suska, Sveinfríður Halldórsdóttir, Birgir Ingbórsson, Jens P Jensen og Bjarni Ragnarsson.

Dagskrá

- 1 Fundarsetning
- 2 Reikningar mötuneytis
- 3 Skýrsla skólastjóra
- 4 Skýrsla oddvita og sveitarstjóra um drög að fjárhagsáætlun
- 5 Bréf frá foreldrum
- 6 Önnur mál
- 7 Fundarslit.

- 1.) Birgir Ingbórsson formaður nefndarinnar setti fundinn kl. 20.00
- 2.) Birgir leggur rekstrarreikning mötuneytis 2009/2010 fram til kynningar.
- 3.) Þorkell fer yfir málefni skóla og hefur skólaárið heilt yfir gengið vel.
- 4.) Jens og Þóra kynna drög að fjárhagsáætlun Húnavatnshrepps fyrir árið 2011. Fram kom að hætt verði niðurgreiðslum vegna hráefniskaupa í mötuneyti. Gert er ráð fyrir 7% niðurskurði í grunnskóla, 13% í tónlistarskóla og 10% í leikskóla. Heildarniðurskurður 8,5 milljónir í grunnskóla.

Rætt var almennt um sparnaðarleiðir.

- 5.) Lagt var fram bréf frá foreldrum til hreppsnefndar og fræðslunefndar og tók Jón Gíslason við fundi vegna vanhæfis Birgis sem vék af fundi. Jón las bréfið upp sem er undirritað af eftirfarandi foreldrum:
(Arna María Sigurbjargardóttir, Sigurður Árnason, Ólöf Kristín Einarsdóttir, Sigríður Bjarnadóttir og Sesselja Sturludóttir.)

Nokkrar umræður fóru fram um efni bréfsins.

Oddviti lagði fram eftirfarandi bókun frá hreppsnefnd dagsettri 16. desember 2010.

“Hreppsnefnd felur fræðslunefnd að skoða málið og skila álitum til hreppsnefndar í framhaldi af því. Jafnframt felur hreppsnefnd fræðslunefnd að skoða verklagsreglur skólans í úrvinnslu slíkra mála og leita utanaðkomandi aðstoðar ef þurfi þykir vegna þessa máls.”

- 6.) Önnur mál.
Engin umræða fór fram.
- 7.) Fundargerðin upplestin og samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 22:21

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.